Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Kristín Henley Vilhjálmsdóttir
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2026
VEL26100082

Efni: Svar við fyrirspurn endurskoðunarnefndar um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar

Með bréfi dags. 21. september 2026 óskaði endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar eftir upplýsingum um umfang fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar frá árinu 2016, meðal annars með hliðsjón af kyni, aldri og ríkisfangi þeirra sem njóta aðstoðar, lengd aðstoðar og umfangi hennar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um hlutfall erlendra bótaþega í samanburði við fjölda einstaklinga af viðkomandi þjóðerni hér á landi.

Velferðarsvið hefur tekið saman umbeðnar upplýsingar á grundvelli fyrirliggjandi gagna úr upplýsingakerfum sviðsins. Með bréfi þessu fylgja tölfræðilegar samantektir og töflur sem sýna þróun fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 2016–2025 ásamt sundurliðun notenda eftir kyni, aldri, algengustu ríkisföngum og fjölda mánaða með aðstoð.

Greining á gögnum um fjárhagsaðstoð til framfærslu á tímabilinu 2016–2025 sýnir að á undanförnum árum hefur notendum fækkað og kostnaður dregist saman. Árið 2025 fengu 2.591 einstaklingar fjárhagsaðstoð til framfærslu, samanborið við 3.352 einstaklinga árið 2022, sem jafngildir um 23% fækkun. Árið 2025 fengu um 2% íbúa Reykjavíkur, 18 ára og eldri, fjárhagsaðstoð til framfærslu. Hlutfallið var um 1% meðal íbúa með íslenskt ríkisfang en um 6% meðal íbúa með erlent ríkisfang. Árið 2016 voru einstaklingar með erlent ríkisfang 17% notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu en árið 2025 hafði hlutfall þeirra hækkað í 63%, á meðan einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 37% notenda þjónustunnar.

Á tímabilinu 2016-2025 fengu flestir notendur fjárhagsaðstoð í 1–3 mánuði á ári, og hefur hlutfall þeirra farið hækkandi, úr 44% árið 2016 í 53% árið 2025. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð í 10–12 mánuði á ári lækkað, úr 24% í 16%. Samtals fengu 11.631 einstaklingar fjárhagsaðstoð til framfærslu á tímabilinu 2016–2025 og meirihluti þeirra eða 71% fengu aðstoð í tólf eða færri mánuði innan tímabilsins.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Reykjavík

Upplýsingar um umfang fjárhagsaðstoðar í Reykjavík á árunum 2016-2025

Samantekt velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna fyrirspurnar endurskoðunarnefndar um fjárhagsaðstoð.

Yfirlit


- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar eftir tegundum aðstoðar 2016-2025
- Upphæðir fjárhagsaðstoðar eftir tegundum aðstoðar 2016 - 2025

- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir kyni 2016-2025
- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir aldurshópum 2016-2025
- Fjöldi og hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir ríkisfangi (íslenskt/erlent) 2016-2025
- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir ríkisfangi - fimm algengustu ríkisföng 2016-2025

- Hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir fjölda mánaða á ári sem aðstoð var veitt
- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir fjölda mánaða með aðstoð á tímabilinu 2016-2025 og upphæðir aðstoðar
- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir fjölda mánaða með aðstoð á tímabilinu 2016-2025 - eftir kyni
- Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir fjölda mánaða með aðstoð á tímabilinu 2016-2025 - eftir ríkisfangi

- Hlutfall íbúa í Reykjavík sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu 2025 eftir ríkisfangi - 10 algengustu ríkisföng 2025
- Íbúar 18 ára og eldri í Reykjavík eftir ríkisfangi 2016-2025


Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar eftir tegundum aðstoðar 2016-2025



Tölur af velstat: Helstu lykiltölur velferðarsviðs - Tímabil. PX-Web

*Nánari sundurliðun eftir tegundum heimildagreiðslna má finna **hér**.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar eftir tegundum aðstoðar 2016 - 2025




Tölur af velstat: Helstu lykiltölur velferðarsviðs - Tímabil eftir Tegundir þjónustu - fjöldi og upphæðir, Miðstöð, Ár og Tímabil. PX-Web

*Átaksverkefni: Fjárhagsaðstoð veitt vegna starfsþjálfunarsamninga eða þátttöku í átaksverkefnum t.d. Fjölsmiðjan og Grettistak, auk hluta rekstrarkostnaðar Grettistaks.

Reykjavík


Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir kyni 2016-2025



Tölur af velstat: [Fjárhagsaðstoð. Fjöldi notenda eftir tegund aðstoðar, 2010-2025. PX-Web]

Reykjavík

Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir aldurshópum* 2016-2025




Download data

Tölur af velstat: [Fjárhagsaðstoð til framfærslu. PX-Web.]


**Aldur miðast við aldur á þeim tíma sem aðstoð var veitt.*

Reykjavík

Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir ríkisfangi 2016-2025



Hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir ríkisfangi 2016-2025



Tölur af velstat: [Fjárhagsaðstoð til framfærslu. PX-Web]

Reykjavík


Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir ríkisfangi - fimm algengustu ríkisföng* 2016-2025



*Ríkifang miðast við skráningu ríkisfangs í þjóðskrá 2026

Reykjavík


Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2025 eftir ríkisfangi og kyni - fimm algengustu ríkisföng* 2025



*Ríkifang miðast við skráningu ríkisfangs í þjóðskrá 2026

Reykjavík

Hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir fjölda mánaða á ári sem aðstoð var veitt




Tölur af velstat: [Fjárhagsaðstoð til framfærslu, eftir þjónustumiðstöð og fjölda mán. á árinu sem aðstoð er veitt. PX-Web]

Reykjavík

Notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir samanlögðum fjölda mánaða með aðstoð og heildarfjárhæð aðstoðar

Mánuðir með aðstoð eru lagðir saman yfir allt tímabilið 2016-2025 og gefa því ekki til kynna samfelldan tíma með aðstoð.



Download data

Samanlagður fjöldi mánaða með fjárhagsaðstoð til framfærslu 2016-2025

Á myndritinu má sjá fjölda fólks eftir því hve marga mánuði á árunum 2016-2025 það fékk aðstoð og hve há fjárhæð var samtals greidd notendum í hverjum hópi.

Á tímabilinu fengu samtals 11.631 notendur fjárhagsaðstoð til framfærslu.


71% notenda fengu fjárhagsaðstoð í 12 eða færri mánuði innan tímabilisins.

26 einstaklingar fengu fjárhagsaðstoð nær alla mánuði tímabilsins og samanlögð fjárhæð aðstoðar til þessa hóps nam um 600 m.kr.

Reykjavík

Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir kyni og samanlögðum fjölda mánaða með aðstoð

Mánuðir með aðstoð eru lagðir saman yfir allt tímabilið 2016-2025 og gefa því ekki til kynna samfelldan tíma með aðstoð.




*Kynsegin einstaklingar eru fáir og því birtir með konum vegna persónuverndarsjónarmiða.

Reykjavík

Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 2016-2025 eftir ríkisfangi og samanlögðum fjölda mánaða með aðstoð


Mánuðir með aðstoð eru lagðir saman yfir allt tímabilið 2016-2025 og gefa því ekki til kynna samfelldan tíma með aðstoð.



Reykjavík

Hlutfall íbúa í Reykjavík sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu 2025 - eftir ríkisfangi*

Hlutföll miða við heildarfjölda íbúa með viðkomandi ríkisfang, óháð aldri




	Úkraína	Palestína	Afganistan	Venesúela	Írak	Sýrland	Litháen	Rúmenía	Pólland	Ísland
Íbúafjöldi 2025	2172	509	317	1032	215	371	2099	1607	7410	109739

*Myndritið sýnir 10 algengustu ríkisföng notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu á árinu 2025 og hve hátt hlutfall íbúa Reykjavíkur með hvert ríkisfang fékk aðstoð 2025.

Til að fá nákvæmari mynd væri æskilegt að miða við þann hluta íbúa sem er 18 ára og eldri. Þær upplýsingar eru ekki aðgengilegar þar sem ekki eru birtar tölur um íbúafjölda Reykjavíkur sundurliðað eftir einstaka ríkisföngum og aldri.

Tölur um íbúa í Reykjavík eftir ríkisfangi: Hagstofan: Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998-2026. PxWeb

Íbúar 18 ára og eldri í Reykjavík eftir ríkisfangi 2016-2025



77% íbúa 18 ára og eldri í Reykjavík voru með íslenskt ríkisfang 2025 og 23% með erlent ríkisfang

Hlutfall íbúa 18+ m. fjárhagsaðstoð	Íslenskt ríkisfang	Erlent ríkisfang	Alls
2016	2%	4%	2%
2017	2%	3%	2%
2018	2%	3%	2%
2019	2%	4%	2%
2020	2%	6%	3%
2021	2%	5%	2%
2022	2%	9%	3%
2023	1%	9%	3%
2024	1%	7%	3%
2025	1%	6%	2%

Tölur um íbúa í Reykjavík eftir ríkisfangi: Hagstofan: Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998-2026. PxWeb